

## Ágrip

Í þessari ritgerð er sjónum beint að SÚM hópnum og því samfélagi sem hann er sprottinn úr. Ritgerðin skiptist í þrjá hluta, en fyrsti hluti ritgerðarinnar beinist að samfélaginu og reynt að varpa ljósi á það andrúmsloft sem hér ríkti á sjöunda áratug síðustu aldar til að skýra forsendur að baki SÚM. Í fyrri undirkaflanum er farið yfir þau málefni sem voru efst á baugi í þjóðlífinu á þessum tíma og höfðu mörg hver með beinum eða óbeinum hætti áhrif á efnistöð SÚM. Í seinni kaflanum er farið yfir stöðu lista- og menningarmála og sjónum beint að þeim íhaldssömu öflum sem höfðu ríkjandi áhrif á þau mál hér á landi. Sú umfjöllun nær bæði yfir bókmenntir, myndlist, leiklist og tónlist.

Í öðrum hluta eru ný viðhorf kynnt til sögunnar og í fyrsta undirkafla fjallað um helstu nýframúrstefnuhreyfingar í Evrópu og Bandaríkjunum og litið í nokkrar fræðigreinar þar að lútandi. SÚM hópurinn er settur í samhengi við þær kenningar sem þar koma fram og leitast við að finna skyldleika SÚM við erlendar stefnur. Í öðrum undirkaflanum er farið yfir viðtökur íslensks menningarlífs og samfélags og þá gagnrýni sem SÚM og nýframúrstefnan hlaut hér á landi. Í þeim þriðja er fjallað um hvernig þjóðfélagið var gagnrýnt með ýmsum hætti í bókmenntum, myndlist og leiklist og hvernig listgreinarnar sameinuðust í viðleitni sinni til að breyta samfélaginu.

Þriðji hluti ritgerðarinnar er helgaður SÚM. Fyrri undirkaflinn rekur sögu SÚM og byggist sá kafli að miklu leyti á óútgefnum gögnum félagsins, svo sem fundargerðum og bréfum. Síðari kafllinn fjallar um nokkra listamenn félagsins og eru fáein listaverk þeirra frá SÚM-árunum tekin til greiningar, einkum út frá gagnrýni á samfélagið. Því er einnig lýst hvernig þessi íslenska nýframúrstefnulist tengist helstu erlendu stefnunum.

Ummæli föður míns, Óskars Magnússonar á bls. 10 í ritgerðinni eru fyrirmyndin að titli hennar, en orðrétt stendur: „Já, en Eyrún, þetta var geggjað fólk!“